

Fundarnúmer:	85
Dagsetning:	26.03.2008
Tími:	13:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

85. fundur.

Miðvikudaginn 26. Mars 2008 kl. 13:00 kom Landbúnaðarráð Húnaþings vestra saman til 85. Fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra að Hvammstangabraut 5 á Hvammstanga. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Drög að verklagsreglum um handsömun og vörslu graðpenings.
2. Afstaða stjórnar fjallskiladeildar Víðdælinga til bréfs Héraðsdýralæknis um hreinsun Valdarásréttar.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fram lögð til kynningar drög að verklagsreglum um lausagöngu graðhesta. Samþykkt að drögin verði kynnt fulltrúum Hrossaræktarsambands V-Hún. Ingvar J. Jóhannsson eftirlitsmaður með lausagöngu búfjár sat fundinn undir þessum dagskrárlið.
2. Formaður greindi frá afstöðu stjórnar Fjallskiladeildar Víðdælinga vegna bréfs héraðsdýralæknis þar sem fram kemur ósk um hreinsun og jarðvegsskipti í Valdarásrétt. Lagði hann fram ályktun Fjallskilastjórnar Víðdælinga sem er eftirfarandi : „Nefndin telur rétt að yfirvöld búfjárjúkdómavarna standi straum af kostnaði við hreinsun og jarðvegsskipti í Valdarásrétt, telji þau hana nauðsynlega, á sama máta og greiddur er kostnaður bænda við þrif heima á þeim lögbýlum sem nauðsynlegt er talið að þrifin séu m.t.t. búfjárjúkdómavarna.“ Landbúnaðarráð tekur undir samþykkt stjórnar Fjallskiladeildar Víðdælinga og leggur til við sveitarstjórn að bréfi héraðsdýralæknis verði svarað á þann hátt að yfirvöld búfjárjúkdómavarna beri að fullu kostnað við hreinsun og jarðvegsskipti í Valdarásrétt sé slík aðgerð nauðsynleg að mati hlutaðeigandi fulltrúa búfjárjúkdómavarna.
3. Formaður greindi frá viðræðum stjórnar Fjallskilastjórnar Víðdælinga við ábúendur lögbýla vestan Víðidalsár þar sem fjallað var um framtíðarmálefni Valdarásréttar. Á þeim fundi kom fram mjög ákveðin ósk umræddra ábúenda að Valdarásrétt verði notuð með óbreyttum hætti.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:40.

Agnar Jónsson(sign.), Örn Óli Andrésson(sign.),
Skúli Þórðarson(sign.), Þorsteinn B. Helgason(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).